

## AUGLÝSING

### um frestun á fundum Alþingis.

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra hefur forseti Íslands gefið út svofellt bréf um frestun á fundum Alþingis:

„FORSETI ÍSLANDS  
gjörir kunnugt:

Að ég, að tilskildu samþykki Alþingis, veiti forsætisráðherra umboð til þess að fresta fundum Alþingis, 138. löggjafarþings, frá 8. janúar 2010 eða síðar, ef nauðsyn krefur, til 29. janúar 2010.

*Gjört á Bessastöðum, 8. janúar 2010.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Jóhanna Sigurðardóttir.*“

Alþingi samþykkti hinn 8. janúar 2010 ályktun um samþykki til frestunar á fundum Alþingis samkvæmt 1. mgr. 23. gr. stjórnarskrárinnar. Samkvæmt framangreindu umboði og með skírskotun til samþykkis Alþingis var fundum Alþingis, 138. löggjafarþings, frestað hinn 8. janúar 2010.

*Forsætisráðuneytinu, 8. janúar 2010.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

---

*Halldór Árnason.*